



## 21. stjórnarfundur Ungmennafélags Íslands haldinn 11. júní 2021 í Þjónustumiðstöðinni í Reykjavík.

**Mætt eru:** Haukur Valtýsson (HV), Jóhann Steinar Ingimundarson (JSI), Sigurður Óskar Jónsson (SÓJ), Guðmundur Sigurbergsson (GS), Gunnar Gunnarsson (GG), Ragnheiður Högnadóttir (RH), Gunnar Þór Gestsson (GP), Hallbera Eiríksdóttir (HE), Lárus B. Lárusson (LBL), Gissur Jónsson (GJ) og Auður Inga Þorsteinsdóttir (AIP) framkvæmdastjóri UMFÍ.

**Forföll boðuðu:** Elísabet Ásdís Kristjánsdóttir (EÁK) og Ástþór Jón Ragnheiðarson (ÁJR) fulltrúi Ungmennaráðs UMFÍ.

1. Fundur settur kl. 15:05.
2. Upplýsingagjöf frá framkvæmdastjóra.
  - AIP gerði grein fyrir starfseminni frá síðasta stjórnarfund.
3. Fundargerðir og erindi frá nefndum lagðar fram til kynningar.
  - 33.- 35. fundargerðir Framkvæmdastjórnar.
  - 7. fundargerð Framtíðarnefndar.
  - 14. fundargerð Ungmennaráðs.
4. Fjármál.
  - Yfirferð skýrslu endurskoðenda, yfirferð ársreiknings 2020.
    - Sigrún Guðmundsdóttir frá BDO ehf. fór yfir ársreikninginn, skýringar, sundurliðanir og endurskoðunarskýrslu. Ársreikningur 2020 samþykktur og undirritaður.
  - Uppgjör jan.-apr.
    - Farið yfir reksturinn fyrstu fjóra mánuði ársins.
  - Málefni þrastalundar:
    - Í tengslum við innheimtu ógreiddra leigugjalda í Þrastarlundi og gæslu hagsmuna UMFÍ heimilar stjórn UMFÍ eftirfarandi:
      - Framkvæmdastjóra er heimilt komi til nauðungarsölu, án fyrir fram samþykkis, að verja hagsmuni UMFÍ með því að bjóða á uppboði sömu fjárhæð og nemur vanskilum leigutaka auk vaxta og áfallins kostnaðar. Framkvæmdastjórn UMFÍ skal upplýst um uppboð og fjárhæð kröfu UMFÍ og niðurstöðu uppboðs ef til þess kemur.
5. Ársþing / aðalfundur á næstunni.
  - Farið yfir dagskrána fram undan.
6. Stefnumótun – staða mála.
  - JSI og AIP fóru yfir stöðu mála. Fram undan eru spjallfundir með sambandsaðilum. Fyrstu fundirnir eru sunnudaginn 13. júní.

7. Tilnefning í Æskulýðsráð.

- HV lagði til Ragnheiði Sigurðardóttur sem aðalman og Sigurð Guðmundsson sem varamann. Samþykkt með lófataki.

8. Önnur mál.

- Boð á aðalfund Landverndar sem verður haldinn 12. júní nk. - móttekið.
- Bréf frá Sýslumanni á Suðurlandi varðandi Þrastalund lóð 1. - móttekið.
- Framkvæmdastjóra falið að taka saman yfirlit yfir félagasamtök sem UMFÍ er aðili að og leggja fyrir Framtíðarnefnd.
- RH spurði um félagsmálafræðslu til sambandsaðila og aðildarfélaga. AÞ upplýsti að verið væri að vinna í því í samvinnu við ÍSÍ. Einnig var bent á að vísir að félagsmálafræðslu má finna á heimasíðu UMFÍ, undir Verkfærakista.
- GG spurði um skil á leigugreiðslum í Sigtúni 42. AÞ upplýsti að skil væru almennt góð.

SÓJ ritaði fundargerð.  
Fundu slitið kl. 17:58.